

Fundur skólaráðs 5. maí 2023

Mættir: Krístrún, Amelía, Sigrún, Elísa, Jón Hákon, Friðþór, Þórunn, Jón Hákon og Elva. Hulda María tók sæti á fundi um klukkan 9.

Fundur hefst 8.20.

1. Dagskráin fram að vori rædd. Vorhátíð verður 11. maí. Foreldrar og aðrir áhugasamir geta þann dag heimsótt Foldaskóla á opnu húsi, milli 16 og 18. Framundan eru síðan meðal annars vorferðir og fleira. Útskrift nemenda úr 10. bekk verður mánudaginn 5. júní og skólaslit 6. júní.
2. Krístrún segir frá stöðu starfsmannamála. Þrír starfsmenn fara á lífeyri í vor, tveir ætla að flytja sig milli skóla, einn fer til annarra starfa og þrír fara í ársleyfi. Þrír kennarar og einn stjórnandi stefna á að koma til baka í haust. Engin breyting verður á skólaliðum en tveir til þrír stuðningsfulltrúar hætta. Nú þegar hefur verið auglýst eftir miðstígskenndum og námsráðgjafa fyrir næsta vetur. Einnig hefur verið auglýst eftir starfsfólki í sérdeild.

Fyrirséð er að nemendum fækkar milli ára. Ein bekkjardeild verður í fyrsta bekk (hafa verið tvær) og þrjár bekkjardeildir í áttunda bekk (hafa verið fjórar). Sautján nemendur skráðir í 1. bekk sem er helmingsfækkun milli ára. Fækkun í bekkjardeildum hefur áhrif á skipan starfsmannamála.

3. Krístrún gerir grein fyrir rekstri skólaársins en rekstur hefur farið umfram áætlun. Ástæðan er fyrst og fremst launakostnaður og stoðþjónusta. Ýmis óhagstæð ytri skilyrði valda s.s. óhagstæður fjöldi nemenda í árgöngum og þjónusta frá Skólamat vegna tímabundinna forfalla í eldhúsi svo eitthvað sé nefnt.
4. Fyrirhugaðar framkvæmdir ræddar. Í vikunni hefur verið unnið að því að setja upp hjólastanda fyrir utan skólann. Foldaskóli er því miður ekki í úrtaki fyrsta hóps skóla, þar sem viðhaldsþörf er mest. Krístrún segir þó viðurkennt á SFS að þörf sé á viðhaldi á húsnæði Foldaskóla. En fyrirhugað er almennt viðhald og málningarvinna. Þá verður mótuneyti skólans stækkað aðeins og því breytt og komið fyrir sjálfskömmun í sal. Krístrún vonast til þess að þetta verði gert í sumar á sumarleyfistíma. Byrjað er að endurnýja húsgögn í kennslustofum, en því verkefni er ekki lokið, von er á fleiri nemendaborðum á næstunni. Einnig stendur til að laga ytri klæðningu hússins þar sem flísar hafa dottið niður af veggjum.
5. Krístrún gerir grein fyrir þremur verkefnum sem Foldaskóli tekur þátt í.
 - „Saman komumst við lengra“. Það er grunnskólaverkefni í sameinuðu hverfi Austurmiðstöðvar með það að markmið að vinna að eflingu og samræmingu innra mats og umbótastarfs í öllum fimmtán grunnskólum hverfisins.
 - Foldaskóli er þátttakandi í færanlegum sköpunar- og tæknismiðjum. Arndís Hilmarisdóttir er verkefnastjóri en hún tók að sér forföll í hönnun og smíði í vor og er að prófa sig áfram með laserskera.
 - Einnig heldur Foldaskóli áfram verkefninu „Viltu tala íslensku við mig“. Það er nýbúaverkefni sem Ólöf Pálína heldur utan um í skólanum.

- Skólapúlsinn ræddur. Hann er lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Krístrún býst við að hann verði lagður fyrir yngri nemendur á komandi ári. Vel á þriðja hundrað nemendur hafa tekið þátt í skólapúlsinum það sem af er ári. Krístrún fer yfir helstu niðurstöður úr Skólapúlsinum. Foldaskóli er við landsmeðaltalið á flestum þáttum.
 - Almennt er líðan barna í Reykjavík að versna aðeins. Foldaskóli er á pari við landsmeðaltal, þurfum að finna leiðir til að bregðast við.
 - Áhyggjuefni er að samband kennara og nemenda er ekki nógu gott.
 - Jafnframt er það áhyggjuefni að tíðni eineltis virðist vera á uppleið, er þó sveiflukennt milli tímabila í skólanum. Áttundi bekkur í Foldaskóla er yfir landsmeðaltali þegar kemur að einelti. Rætt hefur verið um viðbrögð á starfmannafundi. Fram kemur að nemendur hafi leitað til skólastjórnenda og starfsfólks Fjörgynjar.
 - Nemendur í Foldaskóla eru yfir landsmeðaltali þegar kemur að þreytu. Krístrún segir að horft sé til þess að seinka skóladeginum, þannig að skólinn hefjist 10 til 20 mínútum seinna.
6. Önnur mál. Erindi frá foreldri. Foreldrið lýsti áhyggjum af umferð við skólann á morgnana. Full ástæða er til að sýna aðgát. Skólinn hefur sent pósta út á haustin um það hvernig við viljum að umferðin sé. Meðal annars hefur skólinn bent foreldrum á að skilja við börnin á hringtorginu, aka ekki inn á innra bílaplan við skólann og dvelja stutt við.

Fleira var ekki rætt. Fundi lokið klukkan 9.30.